

Ár 2015, fimmtudaginn 10. september, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málínu nr. 1/2015

Mótsstjórн Íslandsmótsins í golfi 2015

gegn
Degi Ebenezersyni

Þann 5. ágúst 2015 barst aganefnd kæra frá mótsstjórн Íslandsmótsins í golfi 2015, dags. 5. ágúst sl., á hendur Degi Ebenezersyni, kt. 011093-3029, (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots í annarri umferð mótsins sem fram fór hjá Golfklúbbnum Leyni, Garðavelli, dagana 23.-26. júlí sl. Í kæru er kærða gefið að sök óíþróttamannsleg framkoma er hann fyrirvaralaust hætti leik á öðrum degi mótsins án skýringa og án þess að gera mótsstjórн viðvart. Þess er krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 12. ágúst sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á kæru. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigögnum í ábyrgðarpósti þann 13. ágúst sl. Var skorað á kærða að halda uppi vörnum í málínu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Engin viðbrögð bárust frá kærða innan frestsins en þann 27. ágúst barst nefndinni greinargerð frá kærða í tölvupósti, þar sem hann baðst innilegarar afsökunar á hegðan sinni á Íslandsmótinu 2015. Jafnframt tók kærði fram að hann hefði ekki frétt af kærunni fyrr en 25. ágúst s.l., þar sem hann hefði flutt til Bandaríkjanna þann 13. ágúst s.l. Kærði viðurkenndi brot sitt og gerði ekki aðrar kröfur en að honum yrði fyrirgefið. Aganefnd ákvað á fundi sínum þann 10. september sl. að gera ekki athugasemdir við það þótt greinargerð kærða hefði borist of seint.

Eftir nokkra umfjöllun um málið, ákvað aganefnd á fundi þann 10. september, að ekki væri þörf á skýrslutökum í málínu né þörf á flutningi málsins.

I. Málavextir

Í málínu er óumdeilt að kærði hætti leik í annarri umferð mótsins. Kærði var í ráshópi kl. 7:50 með Ottó Sigurðssyni og Willy Blumenstein Valdimarssyni. Upp úr kl. 10, sá Stefán Garðarsson, fulltrúi í mótsstjórн, til kærða við golfskálann og stuttu síðar barst mótsstjórnninni til eyrna að kærði hafi hætt leik eftir 9. holu.

Stefán spurðist fyrir um málið hjá Sigurpáli Geir Sveinssyni, þjálfara kærða, en hann þekkti ekki til málsatvika. Um kl. 11:45 hringdi kærði síðan í mótsstjórn og talaði við mótsstjóra, Viktor Elvar Viktorsson. Í símtalinu tilkynnti kærði að hann hefði hætt leik. Mótsstjóri kvað kærða ekki hafa gefið skýringar um ástæður þess að hann hætti leik. Kærði var ritari Ottós í umferðinni og tók mótsstjóri fram að kærði hafi undirritað fyrstu 9 holurnar á skorkorti Ottós, áður en hann hætti leik.

Í greinargerð tekur kærði fram að hegðun hans á vellinum hafi ekki verið góð og hann viðurkenni það fullkomlega. Kærði gaf þær skýringar að hann ætti erfitt með að halda skapi sínu í golfi en eftir mótið hafi runnið upp fyrir honum að hann þyrfti virkilega að skoða leiðir til að halda ró sinni á vellinum. Kærði viðurkenndi jafnframt að hann hafi ekki lesið reglurnar nögu vel og að hann hafi í raun ekki haft hugmynd um að það mætti ekki hætta leik. Um ástæður þess að hann hætti leik segir kærði að hann hafi verið andlega uppgefinn og veikur. Hann hafi líka verið undir miklu stressi því hann væri að fara til Bandaríkjanna aftur í nám og einfaldlega mjög illa upplagður á hringnum. Kærði tók fram að um leið og hann hafi komist að því að hann hefði brotið af sér hafi hann hringt í GSÍ, eins og lýst er í kæru og tilkynnt að hann hafi hætt leik. Kærði segist ekki hafa verið að reyna að sýna mótaröðinni vanvirðingu heldur hann frekar verið gjörsamlega andlega ónýtur.

II. Forsendur og niðurstaða

Eins og fyrr greinir þá fer málsatvikalýsing í kæru í öllum atriðum saman við greinargerð kærða og verður hún því lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Fyrir liggur í málinu að kærði ákvað að hætta leik án fyrirvara og útskýringa til mótsstjórnar. Aganefnd telur ekki ástæðu til að draga í efa þær skýringar sem kærði hefur gefið fyrir brotthvarfi sínu.

Samkvæmt golfreglu 6-3b, verður „keppandinn að vera alla umferðina í þeim riðli sem nefndin setti hann í nema nefndin leyfi eða staðfesti breytingu“ og er því brotthvarf úr riðli án vitundar og samþykki nefndarinnar ekki í samræmi við þessa reglu. Samkvæmt golfreglu 6-8a er leikmanni óheimilt að hætta leik án gildrar ástæðu. Ef leikmaður hættir leik án leyfis mótanefndar, skal hann skýra mótanefnd frá „því eins flótt og hægt er“. Geri hann svo og mótanefndin metur ástæður hans gildar, fær leikmaðurinn ekki víti. Tilkynni leikmaður ekki nefndinni, sætir hann frávísun. Kærði hætti leik í umrætt sinn án þess að tilkynna það eða ástæður þess, til mótanefndar fyrr en um tveimur tímum eftir að hann hætti keppni. Er það ámælisvert að mati aganefndar.

Neyðist leikmaður til að hætta leik vegna meiðsla eða veikinda, eins og í tilviki kærða, ætti það að vera honum í lófa lagið að tilkynna slíkt til mótanefndar. Með hliðsjón af fyrrnefndri golfreglu 6-8b, verður slík háttsemi að teljast sjálfsögð auk þess sem hún hefur verið fest í golfreglur. Þá hvílir ávallt sú skylda á kylfingum að sýna

starfsmönnum golfmóta tilhlýðilega virðingu við leik sinn, sbr. 10. gr. keppnisskilmála mótanefndar GSÍ, sem gefnir eru út skv. reglu 33-1 í golfreglum fyrir þau mótt sem haldin eru á vegum sambandsins, 10. gr. móta- og keppnisreglna GSÍ auk 14. gr. móta og keppendareglina Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Kærði hefur gengist við því að hafa hætt leik án þess að tilkynna það til mótanefndar eða annarra starfsmanna mótsins, eins fljótt og hægt er. Til þess ber hins vegar að líta að kærði tilkynnti meðspilurum sínum um ákvörðun sína og gekk frá skorkorti meðspilara síns með réttum og tryggum hætti áður en hann hætti leik. Þá hefur kærði beðist innilegrar afsökunar á háttsemi sinni.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámælisverð. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin áminning til kærða. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd.


III. Úrskurður

Kærði er áminntur.

Reykjavík, 10. september 2015


Guðmundína Ragnarsdóttir


Jónatan Ólafsson


Sigurður Geirsson